

Þekking – Færni – Virðing - Vellíðan

## Innra mat Dalvíkurskóla 2016 - 2017



Gísli Bjarnason skólastjóri  
Dalvíkurskóli 2016- 2017



<b>Inngangur</b> .....	4
<b>Nemendur</b> .....	4
<b>Starfsfólk Dalvíkurskóla</b> .....	4
<b>Helstu áherslur í skólanámskrá</b> .....	5
<b>Helstu verkefni skólaárið 2016 – 2017</b> .....	6
<b>Nefndir og vinnuhópar starfandi skólaárið 2016 - 2017</b> .....	7
<b>Samantekt og ábendingar</b> .....	8
<b>Markmið og tilgangur mats</b> .....	9
<b>Aðferðir og framkvæmd matsins</b> .....	9
<b>Niðurstöður mats og úrbætur</b> .....	11
<b>Foreldrakönnun</b> .....	11
<b>Samantekkt og ábendingar</b> .....	13
<b>Umbótaáætlun</b> .....	13
<b>Starfsmannakönnun</b> .....	14
<b>Samantekkt og ábendingar</b> .....	17
<b>Umbótaáætlun</b> .....	17
<b>Skólapúlsinn</b> .....	19
<b>Virgni nemenda í skólanum</b> .....	19
<b>Líðan og heilsa</b> .....	19
<b>Skóla- og bekkjarandi</b> .....	20



<b>Samantekt og ábendingar</b> .....	20
<b>Umbótaáætlun</b> .....	20
<b>Samráðsdagar foreldra</b> .....	21
<b>Samantekkt og ábendingar</b> .....	21
<b>Umbótaáætlun</b> .....	22
<b>Samræmd próf</b> .....	22
<b>Samantekt og ábendingar</b> .....	22
<b>Dreifing raðeinkunnar</b> .....	23
.....	23
.....	25
<b>Umbótaáætlun</b> .....	26
<b>Kennsluáætlanir</b> .....	27
<b>Samantekt og ábendingar</b> .....	27
<b>Umbótaáætlun</b> .....	27
<b>Kennsluhættir</b> .....	28
<b>Samantekt og ábendingar</b> .....	28
<b>Umbótaáætlun</b> .....	29
<b>Sér og stuðningskennsla</b> .....	29
<b>Samantekt og ábendingar</b> .....	30
<b>Skólalaping</b> .....	30
<b>Samantekt og ábendingar</b> .....	30
<b>Umbótaáætlun</b> .....	31
<b>Matsdagur starfsfólks</b> .....	31



<b>Samantekt og ábendingar</b> .....	32
<b>Umbótaáætlun</b> .....	32
<b>Stöðluð lestarpróf sem tekin eru í 1. – 10. bekk Dalvíkurskóla.</b> .....	33
<b>Samantekt og ábendingar</b> .....	33
<b>Umbótaáætlun</b> .....	34
<b>Raddir nemenda</b> .....	34
<b>Samantekt og ábendingar</b> .....	35
<b>Umbótaáætlun</b> .....	35
<b>Starfspróun kennara</b> .....	36
<b>Samantekt og ábendingar</b> .....	36
<b>Teymisfundir</b> .....	36
<b>Samantekt og ábendingar</b> .....	36
<b>Umbótaáætlun</b> .....	37
<b>Lokaorð</b> .....	38



## Inngangur

Samkvæmt upplýsingaskyldu um skólalald segir í Aðalnámskrá grunnskóla: Hver grunnskóli skal með með skipulegum hætti leggja mat á gæði skólastarfs. Innra mat skal byggja á fjölbreyttum greiningargögnum sem taka mið af viðfangsefnum hverju sinni og skal starfsfólk, foreldrar, nemendur og skólaráð taka þátt í því eftir því sem við á. Innramat skólans á að birta á vef skólans þar sem hægt er að finna upplýsingar um matið. Innra mat skólans skal vera umbótamiðið og ná til helstu þátta skólastarfsins. Grunnskólar skulu birta á heimasíðu skólans upplýsingar um framkvæmd innra mats, helstu niðurstöður og leiðir til úrbóta.

## Nemendur

Dalvíkurskóli er heildstæður grunnskóli með nemendur í 1. – 10. bekk. Nemendur og annað starfsfólk vinna eftir grunnskólalögum, aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Dalvíkurbyggðar. Skólinn vinnur einnig í anda skólasýnar Dalvíkurskóla þar sem einkunnarorð skólans eru: **Þekking og færni - virðing og velliðan**. Einnig vinnur skólinn að gildum Fræðslusviðs Dalvíkurbyggðar sem eru: **Virðing, jákvæðni og metnaður**.

## Starfsfólk Dalvíkurskóla

Starfsmenn Dalvíkurskóla eru 52 talsins í mismiklu starfshlutfalli. Skólastjóri er Gísli Bjarnason og deildarstjórar eru Friðrik Arnarsson deildastjóri eldra stigs sem er jafnframt staðgengill skólastjóra og Katrín Fjóra Guðmundsdóttir deildastjóri yngra stigs. Mynda þau þrjú stjórnunarteymi skólans. Einn verkefnastjóri er í sér- og stuðningskennslu við skólann og er það Gunnhildur Birnisdóttir. Kennarar við skólann eru 29 og starfsfólk í blönduðum störfum eru 23 í mismiklu starfshlutfalli.



## Helstu áherslur í skólanámskrá

Dalvíkurskóli starfar samkvæmt Grunnskólalögum nr. 91/2008 og Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011. Einnig vinnur Dalvíkurskóli eftir Skólafélagi Dalvíkurbyggðar sem var samþykkt í sveitastjórn árið 2014. Skólafélagið tekur mið af grunnpáttum menntunar og framtíðarsýn í menntun barna og unglinga. Grunnpáttir menntunar er **læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun**. Allir hagsmunaaðilar komu að gerð stefnunar sem var unnin í samvinnu við Fræðslusvið Dalvíkurbyggðar.

Dalvíkurskóli leitast við að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum í því skyni að koma á mótis við ólíkar þarfir nemenda. Haustið 2014 var ákveðið að taka upp teymisvinnu í Dalvíkurskóla og markmiðið var að auka samvinnu og samábyrgð kennara og starfsfólks. Teymisvinna felst m.a. í að kennarar velja í samvinnu þær leiðir í kennslu sem bestar þykja til að bæta námsárangur nemenda. Þróun teymiskennslu felst í því að koma á lærdómssamfélagi sem byggir á sameiginlegri ígrundun starfsfólks í daglegu starfi, þannig er fagvitund og starfsþróun eflid.

Dalvíkurskóli er Grænfánaskóli sem þýðir að skólinn er þátttakandi í alþjóðlegu verkefni þar sem að markmiðið er að auka umhverfismenntun nemenda í Dalvíkurskóla. Stefnt er að því að flagga Grænfánanum í fjórða sinn vorið 2018.

Dalvíkurskóli hefur unnið eftir Uppbyggingarstefnuni frá árinu 2011 en sú stefna er viðhöfð í öllum skólum Dalvíkurbyggðar. Stefnan hefur það að markmiði að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga. Í stað þess að stjórna nemendum með refsingu og sektarkennd fá nemendur tækifæri og þjálfun í að líta inn á við, skoða eigið gildismat og láta það stýra framkomu sinni og allri hegðun. Áhersla er á virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu. Allir árgangar gera sjálfir bekkjarsáttmála um hegðun sem nemendur samþykkja að fara eftir. Starfsfólk Dalvíkurskóla gerði sér einnig starfsmannasáttmála sem hafður er að leiðarljósi í öllu starfi skólans.

Dalvíkurskóli leitast við að vera með fjölbreytt námsmat sem á að veita nemendum, foreldrum, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda sem haft er að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms. Dalvíkurskóli metur lykilhæfni með markvissum hætti. Upplýsingar um námslega stöðu nemenda eru sendar heim eftir hverja námsönn, sem eru þrjár yfir skólaárið.

Dalvíkurskóli er með heimanám en aðallega lestur í yngstu bekkjum skólans. Skiptar skoðanir eru um heimanám innan skólans og vinna við heimanámsstefnu skólans er ekki lokið en stefnt er að því að henni ljúki haustið 2017.



## Helstu verkefni skólaárið 2016 – 2017

- ✓ Áfram var unnið markvisst að bættum námsárangri í Dalvíkurskóla í samvinnu við Fræðslusvið Dalvíkurbyggðar.
- ✓ Starfshópur um bættan námsárangur sem stofnaður var á vordögum 2015 hélt áfram störfum. Hópurinn fundaði hálfsmánaðarlega og skráði fundargerðir. Hópurinn ákvað forgangsverkefni og kom upplýsingum þar að lútandi til teyma skólans sem unnu að því að koma þeim í framkvæmd í skólastarfinu. Starfshópurinn mun starfa a.m.k næsta skólaár .
- ✓ Unnið var að læsisstefnu Dalvíkurbyggðar í samvinnu við fræðslusvið Dalvíkurbyggðar
- ✓ Unnið var markvisst eftir markmiðssetningu námsgreina sem unnin var á síðasta skólaári og samræmt eyðublað kennsluáætlana notað.
- ✓ Kennsluráðgjafi fundaði með teyllum kennara í Dalvíkurskóla nokkru sinni á skólaárinu
- ✓ Óskað var eftir að kennarar hefðu markmið kennslustundar sýnileg á töflu í kennslustofu.
- ✓ Haldið var áfram með þróun á teymiskennslu í skólanum sem hefur gengið mjög vel.
- ✓ Áfram var unnið að þróun upplýsingatækni í skólastarfi. Skólinn var áfram í samstarfi við skóla á Eyjarfjarðarsvæðinu sem skipulagðði 7 menntabúðir á skólaárinu.
- ✓ Haldið var áfram að innleiða lestrar – PALS í yngri bekkjum skólans.
- ✓ Skimunarpróf í læsi frá MMS voru tekin í notkun á þessu skólaári og niðurstöður þeirra nýttar í þágu nemenda.
- ✓ Samvinna var við eldri borgara og þátttaka í skipulögðum lestrarsprettum.
- ✓ Haldið var áfram að vinna innleiðingu LAP (fjölmenningarverkefni) í yngstu bekki grunnskólans í samvinnu við leikskólann Krílakot.
- ✓ Haldið var áfram að efla nemendalýðræði. *Námsnefnd* skipuð nemendum unglingastigs og fulltrúum kennara varskólanum til ráðgjafar og aðhalds um ýmis mál í skólastarfi
- ✓ Unnið var að umhverfismálum í *Grænfánaverkefninu* og er stefnt að því að flagga *Grænfánanum* í fjórða sinn 2018.
- ✓ Haldið var áfram að vinna að snemmtækri íhlutun í lestri og særðfræði sem hefur verið að skilað góðum árangri.
- ✓ Endurskoðun á Fjölmenningarstefnu skóla Dalvíkurbyggðar er í gangi.
- ✓ Í skólanum er unnið eftir Uppbyggingarstefnunni og verkefnastjóri hitti allt nýtt starfsfólk og fór yfir hana með þeim.



## Nefndir og vinnuhópar starfandi skólaárið 2016 - 2017

### ***Námsárangurshópur sem vinnur að bættum námsárangri í Dalvíkurskóla.***

Þetta er samstarfsverkefni Dalvíkurskóla og Fræðslusviðs Dalvíkurbyggðar. Hópurinn fundar reglulega á hálfsmánaðar fresti og fundargerðir hópsins koma til umfjöllunar í Fræðsluráði mánaðarlega.

### **Eineltisteymi/Olweus**

Fundar reglulega og vinnur með þau eineltismál sem upp koma ásamt því að gera tillögur að úrbótum. Skipuleggur einnig eineltisfræðslu í skólanum í samráði við skólastjórnendur og umsjónarkennara.

### **Umhverfisnefnd**

Áframhaldandi vinna að Grænfánaverkefninu og stefnumótun í umhverfismálum, gerð framkvæmdaráætlunar og vinna að forgangsverkefnum. Skólinn stefnir að því að flagga Grænfánanum í fjórða sinn 2018.

### **Læsissteymi**

Unnið að endurskoðun á læsisstefnu og komin eru drög að punktum inn í læsisstefnu Dalvíkurbyggðar sem ekki náðist að klára nú í vor en verður tekið upp nú í haust aftur. Reiknað verður með að klára þá vinnu með tveimur fundum í haust.

### **Stýrihópur um innra mat skólans og símenntun**

Stýrihópur varðandi innra mat í Dalvíkurskóla. Markmið hópsins er að halda utan um innra mat í Dalvíkurskóla og er samkvæmt því hluti af matsteymi skólans. Innra mat þarf að vera samofið daglegu starfi, þannig að gagna sé safnað í öllu skipulögðu skólastarfi.

### **Stýrihópur um innleiðing á LAP - verkefni**





Stýrihópur um innleiðingu á LAP – verkefni var starfandi í vetur og meðal annars var búin til Facebook síða fyrir verkefnið til að koma á nánari tengslum foreldra við verkefnið. Hópurinn velti því mikið fyrir sér hvernig hægt væri að virkja foreldra betur og hvernig við gætum eflt fjölmenningu í skólanum.

### **Stýrihópur um upplýsingatækni**

Stýrihópur varðandi upplýsingatækni í skólastarfi var starfandi á síðasta skólaári. Markmið hópsins var að skoða hvað væri verið að gera í þessum málum í skólanum og þá sérstaklega í eldri bekkjum þar sem að ekki væri neindir markvissir kennslutímar í upplýsinga – og tæknimennt. Hópurinn gerði könnun á því hvað væri verið að gera á unglingsstigi til að styrkja þennan þátt í skólastarfi og kom það í ljós að unglingsstigi væri að nota töluvert upplýsingatækni í skólastarfi og sérstaklega í samþættingu námsgreina. Einnig var það hlutverk hópsins að koma með hugmyndir að kennslu og tillögur að innkaupum á gögnum er tengjast þessu fagi í skólastarfi.

### **Uppsetningar- og hönnunarteymi**

Í uppsetninga og hönnunarteymi sitja verkgreinakennarar og markmið teymis er að fylgja því eftir að gera verk nemenda sýnileg í skólanum og í nærumhverfi. Hópurinn stóð m.a. að sýningu á verkum nemenda í Bergi í vor. Einnig var það hlutverk teymis að koma að hönnun merkis Dalvíkurskóla með nemendum en komst það ekki til framkvæmda á þessu skólaári.

### **Samantekt og ábendingar**

Markmiðið með hópa - og nefndarfundum er að halda utan um viss verkefni sem skólinn er að vinna að og vill efla. Það er misjafnt hvað hópar og nefndir funda oft á skólaárinu og fer það eftir eðli verkefna sem hópar eru að vinna að. Námsárangurshópur og Eineltisteymi funda hálfsmánaðarlega en aðrir hópar eftir fundarskipulagi skólans. Það hefur komið upp gagnrýni að sumir fundir eru ekki nógu skilvirkir og oftar en ekki þá eru það þessir fundir sem frestast ef eitthvað annað hefur forgang. Það kom nokkuð skýrt fram í könnun vegna álags kennara í starfi, sem samstarfshópur kennara í samstarfi við Fræðslusvið Dalvíkurbyggðar gerði í tengslum við kjarasamninga, að það þyrfti að minnka þann fundartíma sem kennarar sitja.



## Markmið og tilgangur mats

Markmiðið með mati er að bæta og ígrunda skólastarf. Gagna í innra mati er aflað í daglegu starfi þar sem að kennarar, stjórnendur og starfsmenn afla gagna um nám, kennslu og velferð nemenda. Matið nær til allra þátta starfsins. Matið gerir skólum kleift að kynnast starfi sínu vel og að finna bestu leiðirnar til umbóta fyrir nemendur. Í innra mati er unnið út frá eftirfarandi spurningum:

- Hversu vel stöndum við okkur ?
- Hvernig vitum við það ?
- Hverjir eru okkar styrkleikar og hvaða þætti þurfum við að bæta ?
- Hvað þurfum við að gera til að ná betri árangri ?

Yfirumsjón með innra mati á skólastarfi skólárið 2016 – 2017 hefur verið í höndum Innramatsteymi Dalvíkurskóla. Það skipa Erna Þórey Björnsdóttir kennari og formaður teymis, Lilja Bára Kristjánsdóttir kennari, Elmar Eiríksson kennari og Gísli Bjarnason skólastjóri. Teymið fundaði aðalega á þeim tímum sem hópa – og nefndarfundir voru skipulagðir. Hlutverk teymis er að skipuleggja matið og ber ábyrgð á framkæmd þess, allt frá skipulagningu til eftirfylgni við umbætur, í samráði við skólastjóra. Skólaárið 2016 – 2017 fór mikill tími hjá teyminu að setja sér viðmið um árangur á hverjum matsþætti. Viðmið um árangur getur bæði verið tölulegar upplýsingar sem koma fram í niðurstöðutöflum og einnig ígrundaðir þættir sem mætti bæta og koma þau viðmið fram í kaflanum samantekt og ábendingar eftir hvern matsþátt í þessari skýrslu.

## Aðferðir og framkvæmd matsins

Þær leiðir sem voru farnar til að afla gagna voru mismunandi. Lagðir voru spurningalistar fyrir foreldra og starfsfólk í samvinnu við Fræðsluvið Dalvíkurbyggðar. Olweusarkönnun sem er eineltiskönnun er lögð árlega fyrir nemendur í 5. – 10. bekk. Kennsluáætlanir eru rýndar og skoðaðar af stjórnendum og hafa þær verið í þróun síðustu ár. Á þessu skólaári þá fengum við kennsluráðgjafa Fræðsluviðs til að fara inn í kennslustundir hjá stórum hluta kennara til að rýna kennsluhætti og koma með ráðgjöf inn með því markmiði að bæta skólastarf. Unnið var markvisst úr þessum heimsóknum og þeim gerð skil inn til stjórnenda skólans, kennara og námsárangurshóps. Í öllum bekkjum Dalvíkurskóla eru tekin stöðluð lestrarpróf frá Menntamálastofnun, Lesferill, og er það hluti af mati skólans. Skólinn er með tvo samráðsdaga heimilis og skóla á hverju skólaári og eftir þessa daga þurfa umsjónarkennarar að koma skriflegum upplýsingum til stjórnenda ef einhverjar athugasemdir hafa



komið fram í viðtölum. Á hverju skólaári þá hefur skólinn haft sérstakan matsdag þar sem að starfsfólki gefst tækifæri á segja hvað gengur vel í skólastarfi og hvað gengur illa, punktar skráðir niður og notaðir í úrbótaáætlun sem innramatsnefndin vinnur. Dalvíkurskóli er aðili að Skólapúlsum en hann mælir ; virkni nemenda í skólanum, líðan, heilsu og skóla – og bekkjaranda. Innan hvers þáttar eru mældir fimm til átta undirþættir. Tvær mælingar eru gerðar á skólaárinu, í september og maí. Samræmd próf eru í 4 , 7, og 9. bekk og úrvinnsla úr þeim er unnin samkvæmt sérstöku vinnuferli og úrbætur settar fram til að styðja frekar við hvern og einn einstakling. Annað námsmat er framkvæmt af kennurum Dalvíkurskóla og eru upplýsingar um námslega stöðu sendar heim þrisvar yfir skólaárið. Mat á lykilhæfni verður viðhaft á næsta skólaári og var útfærslan á því skipulögð nú á vordögum. Skipulagðir teymisfundir eru vikulega þar sem að teymin taka fyrir vissa umræðupunkta sem koma frá stjórnendum og niðurstöður af fundinum er skráðar í fundargerð sem er hluti af mati skólans. Kennurum er gert að skila inn til stjórnenda hvernig starfspróun þeirra er háttað á hverju skólaári. Námsnefnd var skipuð átta nemendum úr 7. – 10. bekk, stelpu og stráki úr hverjum árgangi, tveimur kennurum úr unglingadeild og skólastjóra sem stýrði fundum, fundað var sex sinnum á þessu skólaári. Nemendur sem sátu í nefndinni fengu tíma á bekkjarfundum/lífsleiknitímum til að ræða við aðra nemendur og fá umræðupunkta til að ræða inn í námsnefnd. Skólastjóri hefur farið á bekkjarfundi hjá nokkrum bekkjum í skólanum og hefur það skilað punktum til að bæta skólastarf.





## Niðurstöður mats og úrbætur

## Foreldrakönnun



= Nær matsviðmiðum

= Nær **ekki** matsviðmiðum

Rauðar tölur sýna niðurstöðu skólaárið 2015-2016 til samanburðar.

Rafræn foreldrakönnun var lögð fyrir foreldra viku fyrir samráðsdag og á samráðsdaginn sjálfan. Svörun á könnun var um **70%**. Foreldrar/forráðmenn svar spurningum er snúa að hverjum nemenda fyrir sig. Niðurstöður könnunar:

Matsspurning	Sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Ósammála	Niðurstaða (sammála/frekar sammála)	Matsviðmið	Jákvætt/ Neikvætt	Athugasemdir
Barninu mínu líður vel í skólanum	64,24 % 65,16 %	32,45% 29,03%	2,65% 5,16%	0,66% 0,65%	97,00% 94,19 %	95%		
Ég er ánægð/ur með skólann	50,33% 57,52	47,02 % 39,22%	2,65% 1,96%	0,00% 1,31%	97,35% 96,74 %	95%		
Mér finnst ég vera velkomin í skólann	82,43% 79,87%	17,57% 16,88%	0,00% 1,95%	0,00% 1,30%	100% 96,75%	95%		
Ég tel að trúnaður ríki meðal starfsfólks	60,81% 58,82%	35,81% 35,29%	2,70% 5,88%	0,66% 0,00%	96,62% 94,11%	95%		
Ég er ánægð/ur með matinn sem barnið mitt fær að borða í skólanum	28,48% 30,07%	45,03% 34,64%	15,89% 22,22%	3,31% 5,88%	73,51% 64,71%	65%		Börn með nesti 7,28% - 2017 Börn með nesti 7,19% - 2016
Mér finnst gott að leita til skólastjóra	40,56% 34,00%	25,87% 31,33%	4,20% 4,00%	2,10% 2,00%	66,43% 65,33%	70%		Hafa aldrei þurft þess 27,27% - 2017 Hafa aldrei þurft þess 28,67% - 2016



Mér finnst gott að leita til deildastjóra	46,85% 48,00%	17,48% 26,00%	3,50% 0,00%	0,70% 0,00%	64,33% 74,00%	70% 		Hafa aldrei þurft þess 31,47% - 2017 Hafa aldrei þurft þess 21,33% - 2016
Mér finnst upplýsingaflæði frá skólanum gott	60,84%	35,66%	3,50%	0,00%	96,50% 87,50%	95% 		Spurning var sett öðruvísi upp en gert var áður
Ég tel að skólinn veiti nægar upplýsingar um náms – og þroskastöðu barnsins míns	52,06% 48,00%	42,36% 45,33%	4,86% 5,33%	0,69% 1,33%	94,42% 93,33%	93% 		
Ég tel að foreldrar fái tækifæri til að hafa áhrif á starf skólans	24,11% 28,19%	52,48% 49,66%	20,57% 20,81%	2,84% 1,34%	76,59% 77,85%	80% 		
Ég er ánægð/ur með starf umsjónarkennara barnsins míns.	83,22% 83,78%	13,29% 14,19%	3,50% 2,03%	0,00% 0,00%	96,59% 97,97%	95% 		
Ég er ánægð/ur með aðra kennara sem kenna barninu mínu í skólanum	63,12% 63,27%	35,46% 34,01%	1,42% 2,72%	0,00% 0,00%	98,58% 97,28%	95% 		
Barnið mitt sýnir náminu áhuga	48,95%	39,86%	9,09%	2,10%	88,81%	90% 		Spurning sem hefur ekki verið
Mér finnst barnið mitt hafa metnað fyrir námi	42,55% 47,26%	43,26% 36,30%	11,3% 15,07%	2,84% 1,37%	85,81% 83,56%	90% 		
Veist þú til þess að barnið þitt hafi lagt aðra í einelti á þessu skólaári ?	Já 2,13%	Nei 97,87%						Þessi spurning hefur ekki verið áður
Barnið mitt hefur orðið fyrir einelti á þessu skólaári	Já 14,39% 8,84%	Nei 49,64% 59,18%	Ekki svo ég v. 35,97% 31,97%			5% 		
Þegar barnið mitt var lagt í einelti lét ég eftirfarandi starfsfók vita	Umsj.k 66,67% 47,62%	Eineltist eymi 4,76% 0,00%	Stjórnendur 14,29% 23,81%	Ég lét ekki v. 14,29% 0,00%				



Starfsfólk skólans tekur á eineltismálum	Sammála 30,95%	F. samm 37,30%	F. ósammála 7,94%	Ósammála 1,59%	68,25%	95%			Hef ekki skoðun 22,22%
	20,45%	34,09%	12,88%	0,76%	54,00%				31,82%
Þekkir þú til LAP - fjölmenningsverkefnisins	Já 24,62%	Nei 75,38%							Þessi spurning hefur ekki verið áður

### Samantekt og ábendingar

Í athugasemdum sem foreldrar gerðu töldu þeir að mikil styrkleiki skólans fælist í mannauðnum sem væri starfandi við skólann. Vinsamlegt og hvetjandi umhverfi og mikill metnaður starfsfólks. Nokkrir nefndu jákvæðni og lausnamiðað starfsfólk. Sem veikleika þá voru nokkrir sem nefndu agamálin það sem þyrfti að taka á og einelti sem er eitthvað sem þarf að taka betur á í skólanum. Það kom líka fram að það væri lítill metnaður hjá nemendum í námi sem verður að vera samstarfsverkefni heimilis og skóla. Einnig kom fram að það þarf að sinna þeim nemendum betur sem skara fram úr í námi og breyta viðhorfi til samræmdra prófa, tala jákvætt um öll próf og kannanir í skólanum allt skiptir þetta miklu máli. Það komu nokkrar athugasemdir varðandi einstaka kennara og eru þær athugasemdir ræddar í starfsþróunarsamtölum hvers kennara. Heilt yfir þá kemur könnunin mjög vel út en auðvitað er það alltaf þannig að við getum gert betur og þannig er skólastarf í hnotskurn.

### Umbótaáætlun

Matsþáttur undir viðmiðum	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvenær/Hvernig	Viðmið um árangur
Ég tel að foreldrar fái tækifæri til að hafa áhrif á starf skólans	Að foreldrar fái meiri tækifæri að hafa áhrif á skólastarf	Að fá foreldra inn í matsteymi skólans	Haust 2018	Skólastjóri	Skoðun vor 2018	Fulltrúi inn í matsteymi innra mats frá hausti 2017
Ég tel að foreldrar fái tækifæri til að hafa áhrif á starf skólans	Að foreldrar fái meiri tækifæri að hafa áhrif á skólastarf	Gera skólaráð virkara. Skipuleggja fundartíma betur	Haust 2018	Skólastjóri	Skoðun vor 2018	Meiri virkni í skólaráði sem fundar fjórum sinnum á hverju skólaári



Barnið mitt hefur orðið fyrir einelti á þessu skólaári	Að sporna við einelti	Skýra betur út hvað er átt við þegar um einelti er að ræða	Á haustfundum foreldra 2018	Kennarar	Foreldrakönnun á samráðsdegi í febr.	Að ná því niður í 5% einelti
Þegar barnið mitt var lagt í einelti lét ég eftirfarandi starfsfók vita	Að eineltismál fari í réttan farveg	Fara yfir þá verkferla ef starfsmaður fær upplýsingar um eineltismál	Haust 2018	Skólastjórnendur	Foreldrakönnun á samráðsdegi í febr.	Að eineltismál fari í réttan farveg

### Starfsmannakönnun



= Nær matsviðmiðum

= Nær **ekki** matsviðmiðum

Rauðar tölur sýna niðurstöðu skólaárið 2015-2016 til samanburðar

Rafræn starfsmannakönnun var lögð fyrir í byrjun maí og svarhlutfall var **81%** eða **42** starfsmenn.

Matsspurning	Sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Ósammála	Niðurstaða (sammála/frekar sammála)	Matsviðmið	Jákvætt/ Neikvætt	Athugasemdir
Mér líður vel í vinnunni	74,36% 73,81%	25,64% 21,43%	0% 4,76%	0% 0%	100% 95,24%	100% 		
Ég er stolt/ur af vinnustaðnum mínum	71,79% 52,38	28,21% 47,62%	0% 0%	0% 0%	100% 100%	97% 		
Mér finnst jákvæðni ríkja í starfsmanna - hópnum	43,59% 39,02%	56,41% 58,54%	0% 2,44%	0% 0%	100% 97,56%	97% 		
Ég tel að álag í starfi mínu sé hæfilegt þegar á heildina er litið	23,08% 29,27%	64,10% 58,54%	12,82% 7,32%	0% 4,88%	87,18% 87,81%	90% 		





Ég sé mig áfram í starfi á þessum vinnustað eftir 3 ár	51,35% 47,50%	40,54% 32,50%	2,70% 7,50%	5,41% 12,50	91,89% 80%	90% 😊	↑	
Jafnrétti kynjanna er haft að leiðarljósi á mínum vinnustað	48,57% 65%	51,43% 32,50%	0,00% 2,50%	0,00% 0,00%	100% 97,50%	100% 😊	↑	
Á síðustu 12 mánuðum hef ég orðið fyrir eftirfarandi á vinnustað	<b>Einelti</b> 0,00% 0,00%	<b>Kynnferðisl egri áreitni</b> 0,00% 0,00%	<b>Fordómum</b> 2,94% 0,00%	<b>Engu af þessu</b> 97,06% 0,00%	97,06%	100% 😞	↓	
Ég leitast við að starfa í anda Uppbyggingarstefnunnar	<b>Já</b> 97,22% 90%	<b>Nei</b> 0,00% 0,00%	<b>Þekki ekki áherslur stefnunnar</b> 2,78% 10%		97% 90%	95% 😊	↑	
Vinnustaður minn leggur áherslu á gæði í starfi og þjónustu	55,26% 47,37%	44,74% 50,00%	0,00% 2,63%	0,00% 0,00%	100% 97,37%	97% 😊	↑	Fullyrðing öðruvísi þetta ár
Ég leitast við að starfa í anda gilda Fræðslu – og menningar sviðs	<b>Já</b> 72,73%	<b>Nei</b> 0,00%	<b>Þekki ekki gildin</b> 27,27%		72,73%	95% 😞	↓	Fullyrðing hefur ekki verið áður
Mér finnst gott að leita til yfirmanns minnar stofnunar	69,23% 57,14%	30,77% 38,10%	0,00% 4,76%	0,00% 0,00%	100%	95% 😊	↑	
Mér finnst stjórnendur minnar stofnunar ýta undir faglegt frumkvæði	43,59% 59,52%	53,85% 33,33%	2,56% 7,14%	0,00% 0,00%	97,44%	95% 😊	↑	
Frós	Ég fæ frós frá stjórnendum 87,18%	Ég fæ frós frá öðrum 76,92%	Ég hrósa stjórnendum 53,85%	Ég hrósa öðru samstarfsfólki 97,44%	97,44%	95% 😊	↑	Ég hrósa öðru samstarfsfólki tekið sem viðmið





	75,61%	80,49%	58,54%	82,93%					
Mér finnst upplýsingaflæðið í stofnuinni minni gott	17,95% 20%	58,97% 65%	20,51% 12,50%	2,56% 2,50%	76,92% 85%	95%			
Ég hef farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 18 mánuði	Já 92,31% 97,50%	Nei 7,69% 2,50%			92,31%	100%			
Á mínum vinnustað er lögð áhersla á að starfsmenn miðli þekkingu sín á milli	43,24% 51,28%	54,05% 43,59%	2,70% 2,56%	0,00% 2,56%	97,29%	95%			
Ég held skrá yfir sí – og endurmenntun mína	Já 57,58% 38,71%	Nei 42,42% 9,68%	Geri það við lok skólaárs 22,58%	Á ekki við mig 29,03%	57,58%	100%			
Mér finnst ganga vel að vinna með einstök agamál í skólanum	10,81% 11,76%	70,27% 61,76%	18,92% 20,59%	0,00% 5,88%	81,08%	85%			
Mér finnst gott að leita til míns deildastjóra	52,63% 52,94%	39,47% 35,29%	5,26% 2,94%	Þessi spurning á ekki við mig 2,63% 8,82%	92,10%	95%			
Mér finnst þjónusta kennsluráðgjafa á fræðsluviði Dalvíkurbyggðar nýtast vel	17,14%	45,71%	8,57%	0,00%	Þessi spurning á ekki við mig 28,57%				Ný fullyrðing og hefur ekki verið áður
Ég starfa eftir Fjölmenningsstefnu skóla Dalvíkurbyggðar	Já 52,94% 81,82%	Nei 2,94% 0,00%	Hef ekki kynnt mér hana 26,47% 18,18%	Á ekki við fyrir mig 17,65% 0,00%	52,94% 81,82%	100%			Síðasti þáttur ekki með í könnun 2016



Ég starfa eftir stefnu skólans um þjónustu við börn með sérþarfir	<b>Já</b> 65,71% <b>80,65%</b>	<b>Nei</b> 2,86% <b>0,00%</b>	<b>Hef ekki kynnt mér hana</b> 14,29% <b>19,35%</b>	<b>Á ekki við fyrir mig</b> 17,14% <b>0,00%</b>	65,71% <b>80,65%</b>	100% 		Síðasti þáttur ekki með í könnun 2016
---	--------------------------------------	-------------------------------------	---	---	-------------------------	--	---	---------------------------------------

### Samantekkt og ábendingar

Í opnum spurningum var m.a. spurt um hvaða endurmenntun/símenntun mundi nýtast þér eða starfsfólki á þínum vinnustað? Helstu niðurstöður voru að starfsmenn vildu frekari þjálfun í notkun upplýsingatækni í skólastarfi. Nokkrir nefndu eitthvað tengt námsmati og svo er greinilega áhugi á að fræðast betur um kvíða og kvíðaraskanir og hvernig ætti að taka á því í skólastarfi. Agamálin voru einnig nefnd sem er mikill álagspáttur í skólastarfi og telur starfsfólk það vera brýnast að taka á þeim málum og nefnir starfsfólk það einnig sem veikleika stofnunarinnar að fylgja einstökum málum betur eftir. Starfsfólk telur styrkleika stofnunar vera mikil jákvæðni, lausnamiðun og góður starfsandi. Samvinna kennara hefur aukist með innleiðingu teymiskennslu og er þetta alveg í samræmi við niðurstöðu könnunar. Það kom einnig fram að það þarf að gera vinnuna í kringum erlendu börnin okkar miklu markvissari og að það þurfi helst að vera verkefnastjóri yfir þeim málum. Í heildina litið kemur könnun vel út en það eru vissir þættir sem við getum bætt til að efla skólastarf enn frekar.

### Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Aga – og hegðunarmál	Minnka álag vegna aga og hegðunar hjá nemendum	Fylgja betur eftir að nemendur fari eftir þeim bekkjarsáttmála sem gerður er í hverjum bekk samkvæmt Uppbyggingarstefnunni	Skólaár 2017 - 2018	Kennarar	Starfsmannakönnun í maí vorið 2018	Minnkun á álagi vegna aga – og hegðunarmála



Aga – og hegðunarmál	Minnka álag vegna aga og hegðunar hjá nemendum	Stjórnendur meira sýnilegri og styðjandi við kennara í kennslu	Skólaár 2017 - 2018	Skólastjórnendur	Starfsmannakönnun í maí vorið 2018	Minnkun á álagi vegna aga – og hegðunarmála. Vinnufriður meiri
Aga – og hegðunarmál	Minnka álag vegna aga og hegðunar hjá nemendum	Að skólastjórnendur fari inn í bekkir að hausti og kynni reglur varðandi hegðun	Haust 2018	Skólastjórnendur	Starfsmannakönnun í maí 2018	Minnkun á álagi vegna aga – og hegðunarmála. Vinnufriður meiri
Aga – og hegðunarmál	Minnka álag vegna aga og hegðunar hjá nemendum	Fá iðjubjálfa og þroskabjálfa meira inn í hegðunarmál nemenda	Haust 2018	Skólastjórnendur	Starfsmannakönnun í maí 2018	Minnkun á álagi vegna aga – og hegðunarmála. Vinnufriður meiri
Rifja up og kynna þær stefnur sem við vinnum eftir	Að allt starfsfólk verði meðvitað eftir hverju við vinnum	Setja stefnur inn í teymi til yfirlstrar	Haust 2018	Skólastjórnendur	Starfsmannakönnun í maí 2018	Að 95% starfsmanna þekki stefnunar.
Kynning á Fræðslusviði	Að upplýsa starfsfólk um starfsemi Fræðslusviðs Dalvíkurbyggðar	Fá Fræðslustjóra til að kynna starfsemi fræðslusviðs	Haust 2018	Skólastjóri/Fræðslustjóri	Starfsmannakönnun í maí 2018	Að 95% viti um Starfssemi Fræðslusviðs og þekki gildin.



### Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er nú mældur tvisvar yfir skólaárið, í október og apríl, en undanfarin ár hafa verið gerðar þrjár mælinigar yfir skólaárið. Ástæðan er fækkun nemenda í 6. – 10. bekk. Mælingar skólaársins 2015-16 sýndu niðursveiflu í flest öllum matsþáttum könnunarinnar, niðurstöður eftir veturinn 2016-17 sýna aðeins jákvæðari niðurstöður, skólinn er þó enn fyrir neðan landsmeðaltal í flestum þáttum. Hér á eftir verður farið yfir helstu niðurstöður og eru þær flokkaðar í þrjá hluta, Virkni, Líðan og heilsa og Skóla- og bekkjarandi, með nokkrum undirþáttum.

### Virkni nemenda í skólanum

Ánægja af lestri hefur aukist á milli mælinga, stelpur hafa meiri ánægju af lestri en strákar og munur er á milli árganga. Ánægjulegt er að sjá að ánægja af lestri er yfir landsmeðaltali í 9. bekk. Þrautseigja í námi er meiri hjá stúlkum en drengjum og eru þeir 0,9 undir landsmeðaltali fyrir stráka. Áhugi á stærðfræði og náttúrufræði hefur aukist frá fyrra ári og eins á milli mælinga innan skólaársins, en skólinn er þó enn nokkuð undir landsmeðaltali. Trú á eigin vinnubrögðum í námi og eigin námsgetu er töluvert fyrir neðan landsmeðaltal. Mikill munur er í svörum drengja og stúlkna, en þeir hafa minni trú á eigin getu. Almennt má segja um virkni nemenda í skólanum að hún hefur aukist frá fyrra ári og á milli mælinga. Hins vegar mælist skólinn enn undir landsmeðaltali og drengir eru neikvæðari gagnvart náminu og eru ekki jafn virkir í skólanum og stúlkur. Niðurstöður sýna að munur er á milli árganga.

### Líðan og heilsa

Sjálfsálit nemenda hefur minnkað lítillega á milli ára, er minna hjá stúlkum en drengjum sem og mæliþátturinn stjórn á eigin lífi sem mælir hvort þau treysti sér og geti leyst vandamál sem upp koma í lífinu. Velliðan er 0,6 undir landsmeðaltali, engin breyting milli mælinga og strákar mælast hærri en stelpur. Einelti hefur aukist milli ára en lækkað á milli mælinga og er meira hjá stúlkum en drengjum, auk þess er hægt að sjá mun á milli árganga. Nemendur hreyfa sig meira en aðrir nemendur á landinu, jafnt strákar sem stelpur, og hefur hreyfing minnkað á milli mælinga. Hollt matarræði er hins vegar undir landsmeðaltali, en hollustan hefur aukist á milli mælinga. Nemendur eldri bekkja skólans borða óhollari mat en nemendur yngri bekkja. Almennt má segja að líðan og heilsa hafi versnað frá fyrra skólaári og að mælingar á líðan hafi komið betur út í október en í apríl. Mikilvægt er að huga vel að þessum þætti enda er góð líðan ein af forsendum þess að skapa góðar námsaðstæður og að nám eigi sér stað.



### Skóla- og bekkjarandi

Samsömun við nemendahópinn er einu stigi undir landsmeðaltali sem er nokkuð mikill munur og hefur aukist á milli ára en minnkað á milli mælinga. Stúlkur samsama sér síður við nemendahópinn en drengir. Nemendur eru í ágætu sambandi við kennara og stúlkur meira sambandi en drengir. Agi í tímum er svipaður og á síðasta skólaári en hefur aukist lítillega á milli mælinga og er meiri í elstu bekkjunum en yngri. Virk þátttaka nemenda í tímum hefur minnkað á milli mælinga er svipuð, á landsmeðaltali, og á síðasta skólaári. Nemendur líta á að heimanám sé mikilvægt í náminu, stúlkur telja það mikilvægara en drengir sem og nemendur í tveimur elstu árgöngunum.

### Samantekt og ábendingar

Þrátt fyrir að nemendum líði almennt ekki nógu vel í skóla, hafi ekki mikla trú á eigin getu og lítið sjálfssálit, sérstaklega stúlkur, kemur í ljós að þær eru virkari í námi og sýna meiri áhuga og þrautseigju. Þetta eru áhugaverðar niðurstöður fyrir það að líðan er ein af forsendum fyrir því að sinna námi. Hjá strákum snýst þetta við, þeir eru áhugaminni um nám en líður þó aðeins betur í skólanum en stelpum. Virkni nemenda hefur aukist lítillega á milli ára sem og skóla- og bekkjarandi. Í flestum mælingum er munur á milli árganga og mikilvægt að skoða hvernig hægt er að vinna með niðurstöður til að bæta líðan og bekkjaranda sem eru mikilvægir til að nám fari fram í kennslustundum. Auk þess þarf að huga vel á kynjamun í niðurstöðum. Út frá niðurstöðum má einnig sjá að það eru frekar drengir sem eru að trufla kennslu og halda sér síður að verki og á því þarf að taka enda mikilvægt að námsaðstæður í tímum styðji við kennslu kennara og nám nemenda.

### Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvenær/Hvernig	Viðmið um árangur
Sjálfskraust nemenda	Auka sjálfskraust nemenda	Að kennarar gefi sér tíma til að spjalla við nemendur - Sófaspjall	Skólaár 2017 - 2018	Kennarar/ Skólastjórnendur	Skólapúlsinum skólaári 2017 - 2018	Betri niðurstöður úr Skólapúlsinum
Líðan nemenda	Bæta líðan nemenda	Ýta undir jákvæðan bekkjaranda.	Skólaár 2017 - 2018	Kennarar/ Skólastjórnendur	Skólapúlsinum skólaári 2017 - 2018	Betri niðurstöður úr Skólapúlsinum



### Samráðsdagar foreldra

Eftir samráðsdaga foreldra skiluðu kennarar samræmdu eyðublaði til stjórnenda ef einhverjar athugasemdir komu varðandi nám og kennslu. Allir skiluðu inn eyðublöðum. Allir sammála um að endurskoða þurfi eyðublaðið fyrir næsta skólaár þar sem að áherslur í samráðsviðtölum eru breyttar. Mæting foreldra í viðtölin var góð en fáein viðtöl voru tekin á öðrum dögum eða gegnum síma þegar það hentaði foreldrum betur.

#### Tölfræði frá samráðsdegi 05. okt. 2016

Hver kom	Báðir foreldrar	Faðir einn	Móðir ein
Samtals	33%/68	10%/21	57% /120

#### Tölfræði frá samráðsdegi 15. febrúar. 2017

Hver kom	Báðir foreldrar	Faðir einn	Móðir ein
Samtals	43%/88	10.3%/21	48%/98

### Samantekkt og ábendingar

Allir sammála um að samráðsviðtöl hefðu gengið vel þetta skólaár og allir sammála um að þessi viðtöl eiga að snúast um næstu skref í námi hvers einstaklings og horfa til framtíðar. Nú hefur það færst í vöxt að nemendur eru að setja sér markmið með foreldrum sínum sem er mjög jákvætt og er ein leið til að auka metnað nemenda í námi. Það mætti skoða það að formgera betur þessa markmiðssetningu hjá hverjum og einum einstaklingi. Jafnframt mætti skoða og endurbæta eyðublað sem við stjórnendur gerum kröfu á um skil að loknum samráðsdegi. Mjög jákvætt að senda slóð á foreldrakönnun viku fyrir samráðsdag þar sem að einhverjir hafa ekki tíma til að svara könnun á þeim degi, sérstaklega foreldrar sem eiga mörg börn í skóla.



## Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvernig/Hvenær ?	Viðmið um árangur
Samráðsviðtöl	Gera samráðsviðtöl markvissari og skilvirkari	Gera nýtt form/eyðub. fyrir samráðsviðtöl þar sem er meira verið að skoða og skipuleggja næstu skref í námi nemandans í samráði við foreldra	Haust 2017	Stjórnendur	Á kennarafundi um vorið	Betri námsárangur nemenda og meiri áhugi foreldra
Markmiðssetning nemenda	Að auka metnað nemenda í námi	Að nemendur setji sér markmið til að ná í námi	Skólaár 2017 – 2018.	Kennarar	Skoðun vor 2018	Að þessi vinnubrögð verði viðhöfð í skólanum

### Samræmd próf





Á skólaárinu 2016 – 2017 voru samræmd próf ekki hefðbundin þar sem að nemendur tóku rafræn próf í fyrsta skipti í 4., 7., 9. og 10. bekk. Var það nokkuð nýtt fyrir nemendur að takast á við. Framkvæmdin hjá okkur tókst með ágætum og það skipulag sem við lögðum upp með.

### Samantekt og ábendingar





Eftir niðurstöður samræmdra prófa var unnið eftir því vinnuferli sem búið var að ákveða og þær niðurstöður notaðar til að bæta námsárangur nemenda. En samt sem áður þarf skólinn að auka metnað og bæta viðhorf gagnvart þessum prófum hjá nemendum, foreldrum og starfsfólki skólans. Skólinn setur sér það markmið að vera alltaf yfir meðallagi á landsvísu. Helstu niðurstöður er þær að skólinn er ekki að ná þeim árangri sem hann hefði viljað. Það vantar greinilega meiri stöðuleika milli árganga í samræmdum prófum í Dalvíkurskóla.





### Dreifing raðeinkunnar











## Umbótaáætlun

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvernig/Hvenær	Viðmið um árangur
Vinna með viðhorf til samræmdra prófa bæði hjá nemendum/foreldrum og starfsfólki	Að bæta viðhorf gagnvart öllum þeim könnunum sem við leggjum fyrir	Að upplýsa nemendur, foreldra og starfsfólk frekar um þessi próf og gagnsemi þeirra	Haut 2017	Skólastjórnendur	Niðurstöður samræmdra prófa á næsta ári	Ná að vera yfir eða við landsmeðaltal. Að skólinn bæti árangur sinn á samræmdum könnunum
Auka metnað nemenda í námi	Bæta námsárangur nemenda í Dalvíkurskóla	Nemendaspjall – Umsjónarkennurum gert kleift og gefinn tími til að ræða við nemendur um framvindu í námi.	Skólaárið 2017-2018	Allir kennarar	Með námsmati eftir hverja önn	Sjá meiri metnað og áhuga hjá nemendum í námi.
Samræmd próf	Að nemendur læri betur að taka rafræn próf	Þjálfar nemendur í að taka rafræn próf	Vor 2017 og haust 2018	Umsjónakennarar	Niðurstöður samræmdra prófa	.
Samræmd próf	Bæta nám nemenda	Gera umbótaáætlun fyrir nemendur samkvæmt vinnuferli í kjölfar samræmdra prófa	Samkvæmt tímaramma sem kemur fram í verkferlum samræmdra prófa	Umsjónarkennarar, deildarstjórar og verkefnastjóri sérkennslu	Skólaár 2017 - 2018	Ná að vera yfir eða við landsmeðaltal



### Kennsluáætlanir

Kennarar skila inn kennsluáætlunum sem fara inn á innra svæði skólans. Eyðublað sem er notað er samræmt af kennurum og skólastjórnendum. Þær þurfa að innhalda hæfniviðmið, kennsluhætti, verkefni/námsefni og mat á námsþætti/afurð. Stjórnendur fara yfir áætlanir og gera athugasemdir ef þurfa þykir. Vinnuhópur um bættan námsárangur fór yfir nokkrar kennsluáætlanir og gerðu athugasemdir.

### Samantekt og ábendingar

Heilt yfir hefur þetta gengið vel og er á góðri leið þar sem markmiðssetningu námsgreina er lokið og ætti það að verða til þess að kennsluáætlanir verði markvissari. Það sem væri til bóta er að stjórnendur skipulegðu betur á markvissari hátt yfirferð á kennsluáætlunum. Einnig væri til bóta að það kæmi fram á kennsluáætlunum hvort markmiðum hafi verið náð? Eða jafnvel þyrfti að fara betur í vissa námsþætti í áætlun

### Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvernig/Hvenær	Viðmið um árangur
Kennsluáætlanir	Meira aðhald og eftirfylgni frá stjórnendum	Að stjórnendur setji sér upp vinnuskipulag varðandi yfirferð á kennsluáætlunum	Haust 2017	Skólastjórnendur	Gera tikklista yfir það hvaða áætlanir hafa örugglega verið skoðaðar eftir hvert kennslutímabil	Að yfirferð verði með skipulögðum hætti
Kennsluáætlanir	Gera kennsluáætlanir skilvirkari	Í kennsluáætlunum fyrir næsta skólaár er komin sér dálkur inn í hverja áætlun sem þarf að koma fram hvort markmiðum hafi verið náð?	Skólaár 2017 - 2018	Allir kennarar	Yfirferð stjórnenda að vori	Að markvisst verðu unnið eftir kennsluáætlunum



Kennsluáætlanir	Að bæta sýnileika áætlana	Setja upp verkferil um að setja kennsluáætlanir á heimasíðu	Haust 2017	Skólastjórnendur	Skoða í upphaf hverrar annar hvort kennsluáætlanir eru aðgengilegar fyrir nemendur og foreldra	Að allar áætlanir hvers árgangs verði sýnilegar fyrir foreldra í upphafi hvers nýs kennslutímabils.
-----------------	---------------------------	---	------------	------------------	--	---

### Kennsluhættir

Mat á kennsluháttum var í höndum kennsluráðgjafa fræðslusviðs Dalvíkurbyggðar síðasta skólaár. Á þessu skólaári komst hann í að meta kennslustundir hjá stórum hluta kennara. Framkvæmd fór þannig fram að kennarar völdu þá kennslutíma sem þau vildu fá ráðgjöf inn. Kennsluráðgjafi fann sér svo tíma með viðkomandi kennara til að fara yfir hvað hafði gengið vel og hvað mætti betur fara. Þetta var allt skráð niður og niðurstöðum skilað til stjórnenda Dalvíkurskóla, kennara og námsrángurshóps.

### Samantekt og ábendingar

Sú vinna sem unnin var af hendi kennsluráðgjafa var mjög mikilvæg fyrir okkur og mun nýtast okkur mjög vel í þróun á skólastarfi. Kennarar voru mjög ánægðir með þessar heimsóknir og einhverjir kennarar óskuðu eftir ráðgjöf í fleirum en einum kennslutíma. Stefnt er að því á næsta skólaári að stjórnendur verði sýnilegri í kringum nemendur í kennslu og veiti kennurum meiri stuðning. Í heimsóknum ráðgjafa kom margt jákvætt fram en líka nokkrar hugleiðingar varðandi hvernig mætti bæta skólastarfið.



## Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvernig/Hvenær	Viðmið um árangur
Kennsluhættir	Bæta þekkingu á kennsluháttum fyrir mikið getublandaða hópa og börn með annað móðurmál en íslensku.	Námskeið sem heitir „ <i>Samvirkt nám í fjölbreyttum nemendahópi</i> “	15. – 16. ágúst og eftirfylgni í desember	Skólastjóri	Setja inn í starfsmannakönnun í maí	Að sem flestir kennarar séu farnir að nýta sér þessa kennsluhætti
Kennsluhættir	Upplýsa nemendur með markmið kennslustundar	Gera markmið sýnileg í kennslustofum fyrir nemendur	Haust 2017	Kennarar	Skoðun stjórnenda á skólaárinu	Að nemendur verði meðvitaðri um markmið sín.
Kennsluhættir	Að nemendur ígrundi hvað þeir hafa verið að læra	Að kennari fari yfir stuttlega hvað nemendur áttu að læra, má vera eftir viku eða eftir hverja kennslustund ?	Haust 2017	Kennarar	Skoðun stjórnenda á skólaárinu	Skoðun

## Sér og stuðningskennsla

Skólaveturinn 2016 til 2017 þurftu um 26 % nemenda eða 57 nemendur aðstoð eða sérkennslu daglega eða oft en tvisvar í viku í formi einstaklingskennslu, iðjuþjálfuna, þroskaþjálfunar, aðstoð við nýbúa og/eða þjálfunar í hegðunarmótun. Sérþörfum nemenda er mætt með mismunandi hætti, en tekið er mið af þörfum og hæfileikum hvers einstaklings, unnið er með nemandann ýmist einan eða í hópi, inni í almennt kennslustofu, á opnum svæðum eða í námsveri. Almenna reglan er sú að sérkennsla fari sem mest fram í bekkjarumhverfinu. Rík áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun og þannig leitast við að fyrirbyggja örðugleika í námi og samskiptum seinna á skólagöngunni og þar af leiðandi erum við að sinna mörgum nemendum sem ekki er greitt með frá Jöfnunarsjóði. Mikill tími og orka hefur farið síðasta skólaár í vinnu hegðunarmála



og er það sífellt stækkandi partur skólstarfsins og er það mikið áhyggjuefni. Stór hluti af vinnu iðjuþjálfra og þroskaþjálfra skólans fer í vinnu við það að reyna að slökkva þá elda, sem hegðunarmál eru, sem sífellt koma upp aftur og aftur. Skólinn þarf af marka sér stefnu, í samvinnu við foreldra, hvernig taka skuli á agamálum og þarf að verja til þess tíma, fé og fyrirhöfn. Með góðri markvissri áætlun, í góðri samvinnu við foreldra er hægt að breyta þessari slæmu þróun sem er í gangi núna og verður það að gerast ef við viljum að tíma nemenda til náms sé vel varið og forðast að kennarar brenni út í starfi.

### Samantekt og ábendingar

Það er nokkuð ljóst að aga - og hegðunarmál er stór álagsþáttur hér hjá okkur í skólanum og þarf að bregðast við því á einhvern hátt og skólinn hefur lagt til vissar umbætur sem snúa að þeim málum. Eins og hefur komið fram þá hefur sérkennslan færst mikið inn í kennslustofur þá sérstaklega í unglingadeild. Hugsanlega þarf að skipta námshópum í minni kennsluhópa og mundi það jafnvel geta létt á bekkjarhópum.

### Skóláþing

Innanhússþing var að venju haldið í desember og annað var á starfsdögum í júní, þar segja kennarar frá áhugaverðum verkefnum og fjölbreyttum kennsluaðferðum. Eins og hefur komið fram áður á skóláþingi þá - eru viðhöfð fagleg og fjölbreytt vinnubrögð sem eiga örugglega eftir að skila bættum námarrangri nemenda. Dalvíkurskóli hefur gefið sig út fyrir það að vera með fjölbreyttar kennsluaðferðir og hefur það svo sannarlega komið fram á þingunum. Innanhússþingin hafa þróast á undanförunum árum frá því að kennarar sögðu frá afrakstri verkefnavinnu í það að lýsa verkferlum, áherslum og vinnubrögðum nemenda og kennara.

### Samantekt og ábendingar

Í desember þá var 1. – 2. bekkjar teymi með kynningu á þennaverkefni í stærðfræði, 3. – 4. bekkjarteymi var með kynningu á jólaþema og jólasíðum, 5. – 6. bekkjarteymi var með kynningu á enskuverkefni, 7. – 8. bekkjar teymi var með kynningu á stöðvavinnu í íslensku, verkgreinateymi kynnti samstarfsverkefni í verkgreinum, atriði frá tónlistarsmiðju, 9. – 10. bekkur kynnti verkefnið með yfirskriftina „*Bara grín eða hvað?*“, Íþróttateymi kynnti smiðjur og val, að lokum var kynning á upplýsingatækni í 1. – 6. bekk sem var forritun.

Á þinginu í júní var Elsa ásamt Gunnhildi sérkennara sem sögðu frá skólaheimsókn til Noregs þar sem þær fóru til að kynna sér námsefni í Zankov stærðfræði sem byggir á kenningum Vigotskys. Kennarar í 3. – 4. kynntu heildstæða íslenskukennslu. Kennarar unnu námsefni úr öllum



Þáttum íslensku fyrir nemenda á heildstæðan hátt. Námsefnið er tengist sköpunarverkefnum, m.a. fengu nemendur verklýsingu sem þeir áttu að vinna eftir og höfðu frjálsar hendur í útfærslu. Kennarar í 5. og 6. bekk voru með kynningu á flippity í enskukennslu, Lucidpress tengt Ólympíuleikum og voru einnig með eina stuttmynd sem nemendur gerðu. Kennarar í 7. og 8. bekk kynntu spurningaleik í Quislet live og hvernig væri að nota forritið í kennslu. Guðríður kynnti verkefnið „Breakout“ sem krefst þrautalausnar hópsins við að finna vísbendingar og leysa þrautir til þess að opna læstan kistil. Kennarar í 9. – 10. bekk sögðu frá hvernig þau vinna í sínu teymi og hefur gefist vel og skilað árangri. Það er virkilega áhugavert að sitja þessi þing og sjá hvað mikið er í gangi og hvernig kennarar Dalvíkurskóla leitast við að vera með fjölbreyttar kennsluaðferðir.

### Umbótaáætlun

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvenær/Hvernig	Viðmið um árangur
Skólalæping	Kynna það sem við erum að gera.	Þjóða fræðsluráði, fræðslustjóra og kennsluráðgjafa að sitja skólalæping	Des. og maí á skólaárinu 2017 - 2018	Skólastjórnendur	Skoðun eftir þing	Sjá sem flesta frá Fræðslusviði og fræðsluráði

### Matsdagur starfsfólks

Matsdagur starfsfólks var haldinn 3. mars 2017. Á þessum degi var byrjað að fara yfir lestrarmálin í Dalvíkurskóla þar sem að öllu starfsfólki var raðað upp í 6 hópa til að fjalla um og setja niður hugmyndir á blað um það hvernig við getum aukið áhuga á lestri í eldri deildum grunnskólans. Kennsluráðgjafi fræðslusviðs sá um úrvinnslu gagna sem verða notaðar til að bæta lestrarfærni nemenda í Dalvíkurskóla.

Í framhaldinu þá settust starfsmenn í hring og áttu að segja frá einhverjum tveimur atriðum sem þeim fannst gott við skólastarfið og einu atriði sem þeim fannst þurfa að laga og mætti betur fara. Einhverju var hrint strax af stað og lagað en annað sett inn í úrbótaáætlun. En það kom greinilega fram að starfsfólki líður vel og er ánægt í starfi sem er alveg í samræmi við starfsmannakönnun sem var lögð fyrir í maí. En alltaf er það þannig að við getum gert betur í dag en við gerðum í gær.





### Samantekt og ábendingar

Við unnum í hópum á matsdaginn og tókum fyrir nokkrar spurningar t. d. hvar getum við bætt í ? Þar kom fram að við gætum bætt í verulega á mið – og unglíngastigi. Láta nemendur lesa oftari upphátt í skólanum og líka var talað um að taka fyrir meira utanbókalærdóm eins og ljóð. Einnig kom fram að virkja foreldra betur í samstarfi. Þegar spurt var hvernig við getum bætt í ? Þar kom fram að nauðsynlegt væri að nemendur hvettu hvert annað í lestri. Það þarf að finna lausnir á því að skapa meiri tíma fyrir kennara til að sjá um lestur á unglíngadeild. Spurt var einnig um það hvað væri að skila okkur árangri ? Nefnt var yndislestrarstundir, lestrarátök, snemmtæk íhlutun í yngri bekkjum og kennsluáðferðin PALS. Það var líka spurt hvað við gætum gert til að bæta lesfimi á mið – og unglíngastigi ? Hafa lestrartengd verkefni í öllum fögum kom fram og hafa lestur sem hluta af námsmati og komi fram á námsmatsblaði. Spurt var hvaða niðurstöður við getum lesið út úr lesfimisprófum frá Menntamálastofnun ? Kom mjög skýrt fram að utanumhald heima og í skóla er lykill að góðum árangri.

Það sem kom fram þegar starfsfólk settist í hring og talaði um tvö atriði sem væri jákvætt í skólastarfi og eitt atriði sem mætti bæta. Það kom mjög skýrt fram að starfsfólki líður vel í vinnunni og mikil jákvæðni er í starfsmannahópnum. Starfsfólk telur að mikil lausnarmiðun sé í gangi og mikill stuðningur við nemendur. Mikil ánægja var með matinn í skólanum og fékk Veisluþjónustan mikið hrós á fundinum. Það kom ýmislegt fram sem mætti bæta og að hegðunar- og agamál væri brýnast að leysa. Skýra betur reglur varðandi frímínútur og gera þær sýnilegri. Starfsfólk óskaði eftir vatnsvél fyrir yngsta – stig. Það kom fram að kennurum finnst of margir nemendur vera í valgreinum sem þau hafa engan áhuga á. Skoða þarf skipulag varðandi ávexti hjá unglíngadeild, er ekki að gagna eins og það er í dag, mikill sóðaskapur í kringum það. Starfsfólk nefndi líka umgengni og frágang á kennslugögnum sem skólinn á. Það kom einnig fram að starfsfólk þarf að passa hvað það segir á kaffistofunni sérstaklega þegar gestir koma í heimsókn.

### Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvenær/Hvernig	Viðmið um árangur
Frímínútur	Minnka árekstur hjá nemendum í hádegi	Stytta frímínútur hjá yngstu börnum í hádegi	Haust 2017	Skólastjóri	Vor 2018. Setja inn í starfsmannakönnun	Minni árekstrar hjá nemendum í frímínútum í hádegi




Frímínútur	Gera reglur skýrari í frímínútum. Hvað má ? og hvað má ekki ?	Setja á blað reglur í frímínútum fyrir starfsfólk til að samræma áherslur	Vor 2017	Skólastjóri	Vor 2018 – Matsfundi starfsfólks	Starfsfólk sáttari á matsdegi með þessar úrbætur
Vatnsfontur	Bæta aðgengi nemenda á yngsta að vatni til drykkjar	Búið að kaupa vatnsvél fyrir nemendur á yngsta stigi	Vor 2017	Skólastjóri	Skoðun á matsfundi starfsfólks	Gott aðgengi yngri nemenda að drykkjarvatni

### Stöðluð lestarpóf sem tekin eru í 1. – 10. bekk Dalvíkurskóla.

Dalvíkurskóli hefur tekið upp Lesferil, ný lestrarapróf frá Menntamálastofnun, og notar skólinn tilgreind lesfimi viðmið fyrir 1. – 10. bekk frá þeim. Í haust, vetur og vor voru allir nemendur skólans prófaðir í lesfimi og niðurstaða þeirrar prófunar sett upp myndrænt eftir árgöngum. Niðurstaðan er að yngri bekkir skólans sýna betri árangur en þeir sem eldri eru og ákveðið hefur verið að prófa næsta vetur að vinna að bættum lesfimiárangri með samvinnu við foreldra um að nemendur setji sér raunhæf lesfimimarkmið þar sem flestir nemendur stefni að því að ná í það minnsta meðallestrarviðmiðum síns árgangs.

### Samantekt og ábendingar





Samkvæmt þessum niðurstöðum þá höfum við verið að taka miklum framförum í yngstu bekkjum skólans. Sérstaklega í fyrstu þremur bekkjum skólans en þeir hafa allir tekið þátt í verkefninu „Byrgjum brunninn“. Nú þarf að hlúa vel að þessum nemendum með mikilli eftirfylgni í samvinnu við heimili.

### Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvenær/Hvernig	Viðmið um árangur
Auka lesfimi og lesskilning	Bæta lesfimi og lesskilning	Skipulagðir Læsis - heimapakkar með skriflegum samningum við foreldra í 1. – 5. Bekk.	Skólaár 2017 - 2018	Umsjónarkennari/ sérkennari	Eftir hvern heimapakka	Ná lágmarks lestrarviðmiðum MMS
Auka lesfimi og lesskilning í eldri bekkjum	Bæta lesfimi og lesskilning hjá eldri nemendum í Dalvíkurskóla	Hafa lestrartengd verkefni í öllum bóklegum fögum .	Skólaár 2017 - 2018	Kennarar	Með námsmati að vori	Að fleiri nái þeim viðmiðum sem MMS setur
Auka lesfimi og lesskilning í eldri bekkjum	Bæta lesfimi og lesskilning hjá eldri nemendum í Dalvíkurskóla	Skapa meira svigrúm fyrir kennara að geta sinnt lestri nemenda í skólanum með betri nýtingu starfsfólks	Skólaár 2017 - 2018	Skólastjórnendur og kennarar	Vor 2018 – Könnun sett inn í hvert teymi	Að kennarar ná að sinna lestri betur og að nemendur sýni árangur

### Raddir nemenda

Námsnefnd var skipuð átta nemendum úr 7. – 10. bekk, stelpa og strákur úr hverjum árgangi, tveimur kennurum úr unglingadeild og skólastjóra sem stýrði fundum, fundað var sex sinnum á þessu skólaári. Það sem var aðalega tekið var fyrir var nám, kennsla og aðbúnaður nemenda þá sérstaklega í frímínútum. Kennarar voru viðstaddir þrjá fundi hjá námsnefnd en hina þrjá funduðu þau einungis með skólastjóra. Nemendur fengu tækifæri á bekkjarfundum eða lífsleiknitímum til að fá hugmyndir að málefnum frá öðrum nemendum er varðar nám og kennslu og



aðbúnað nemenda. Í skólanum starfar einnig umhverfisnefnd þar sem hver árgangur á sinn fulltrúa. Nefndin hittist á fimm fundum og fór yfir hvað betur mætti fara í umhverfismálum í Dalvíkurskóla.

### Samantekt og ábendingar

Nemendur voru heilt yfir ánægðir með skipulag á skólastarfi en það komu nokkuð margar athugasemdir varðandi aðbúnað fyrir nemendur í frímínútum og nefndu að þau vildu hafa tónlist á nemendasvæði og óskuðu eftir einhverju leiktæki. Aðeins var rætt um heimanám og skipulag á því. En nemendur voru greinilega ánægðari nú með skipulag á heimanámi og skýringin var aðallega sú að nemendum fannst það dreifast betur nú en áður. En almenn ánægja var með kennsluna og hrósuðu nemendur kennurum mikið. Ekki var nein umræða nú um snjalltæki og síma eins og oft hefur verið. Greinlega orðin mikil sátt um þær símareglur sem voru settar í unglingadeild. Eins og á síðasta skólaári voru umræður um skólalóðina hvort hægt væri að gera eitthvað fyrir unglunga. Tekin var sú ákvörðun í samráði við nemendur að ekki yrði sjoppa eins og hefur verið og í staðin væri komið fyrir samlokugrillum og örbylgjuofni á nemendasvæði. Einnig var keyptur vatsbrunnur fyrir nemendur í unglingadeild.

### Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvenær/Hvernig	Viðmið um árangur
Aðbúnaður nemenda	Bæta aðbúnað nemenda	Óska eftir fjármagni fyrir næsta fjárhagsár 2018, að kaupa húsgögn á unglingagang	Vorönn 2018	Skólastjóri	Skoðun á vordögum 2018	Ný húsgögn komin á unglingagang vorið 2018
Aðbúnaður nemenda í frímínútum	Bæta aðbúnað nemenda í frímínútum	Borðtennisborð. Fá lánað borðtennisborð í félagsmiðstöð	Haust 2017	Skólastjóri	Skoðun haust 2017	Bortennisborð komið í haust.
Aðbúnaður nemenda í frímínútum (úti)	Bæta aðbúnað nemenda í frímínútum úti	Óskað verður eftir hönnunarkostnaði á skólalóð fjárhagsárið 2018	2018 - 2020	Skólastjóri	Hvernig staðan verður á Námsnefndarfundi um vorið 2018	Fjármagn fengið í hönnunarkostnað



### Starfspróun kennara

Eins og áður er kennurum skylt að fylla út eyðublaði varðandi starfspróun sína og skila inn til stjórnenda 1. júní ár hvert. Þeir kennarar sem eru með lengstan starfsaldur og eða komnir á vissan aldur þurfa að skila inn færri tímum en þeir sem eru með litla starfsreynslu og yngri, þannig að þetta getur verið misjafnt eftir kennurum. Þetta er endurmenntun sem almennt er fyrir utan skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla og er það skólastjóra að ákveða það.

### Samantekt og ábendingar

Skráningarblað sem kennurum er gert að skila skólastjóra miðast við endur – og símenntun fyrir utan vinnuramma og er eins fyrir bæði. Samkvæmt upplýsingum 1. júní 2017 skiluðu 26 kennarar skólans inn greinargerð um endurmenntun fyrir skólaárið 2016-2017. Það voru 21 kennarar (81%) uppfylltu viðmið um tímafjölda í símenntun utan vinnutímaramma. 2 af þeim 5 sem náðu ekki viðmiðum voru með tíma skráða í endurmenntun innan vinnutímaramma sem dugði til að uppfylla heildartímafjölda í endurmenntun og er hlutfallið sé tekið tillit til þess orðið 88%. Mjög misjafnt er eftir námsgreinum hversu auðvelt er að sækja sér endurmenntun. Einna erfiðast er það fyrir íþróttakennara vegna lítils framboðs endurmenntunar á því sviði.

### Teymisfundir

Teymisfundir voru alltaf kl. 14:00 – 15:00 á þriðjudögum síðasta skólaár. Á teymisfundum þá sitja kennarar og stuðningsfulltrúar í vissum teymum og eru það aðallega umræðuefni sem koma frá stjórnendum sem eru tekin fyrir og fá teymin þau umræðuefni með fréttabréfi sem er sent út á föstudegi. Teymin skrifa fundargerðir og skila þeim inn á sameiginlegt svæði þar sem að allar fundargerðir eru aðgengilegar fyrir starfsfólk.

### Samantekt og ábendingar

Þeir umræðupunktur sem teknir voru fyrir var t.d. heimanám og viðhorf til þess og hvaða hugmyndir kennarar hefðu um gæða heimanám og eru greinilega skiptar skoðanir í hópnum hvað heimanám varðar. Teymismeðlimir fengu líka það verkefni að lesa um heimanám í bókinni „Skóli og skólaforeldrar“. Kennarar komu að vinnu varðandi drög að heimanámsstefnu skólans sem er enn í endurskoðun. Skólastjórnendur setja inn vangaveltur um hvernig vinna í teymum gangi? Hvað mætti betur fara? Allir sammála um að það gangi vel í teymum en alltaf hægt að bæta víska þætti innan teymis. Teymin fara einnig yfir það sem kom fram á haustfundum foreldra og koma ábendingum til stjórnenda ef eitthvað er sem þarf að bæta. Teknar voru fyrir einstaklingsnámskrár og gerð þeirra og vangaveltur um hvernig væri að vinna eftir þeim? Í nóvember þá tóku teymin m.a. til umræðu lífsleikni og hvernig skipulagið á þeim tímum væri. Það virðist vera að kennarar séu farnir að draga úr



Þekkingarfundur sem er ekki gott þar sem að við viljum halda þeim inni. Í janúar þá áttu teymin að finna sér eina fjölmenningslega kennsluáðferð úr efni frá Guðrúnu Pétursdóttur til að kenna og segja svo frá á kennarafundi í febrúar. Stjórnendur settu inn í teymin spurningar varðandi álag í teymisvinnu og verkaskiptingu í teyminum, erum við að nýta styrkleika hvers annars? Töluverð umræða var um námsmat og áherslur í því. Þetta er ekki tæmandi upptalning og var margt annað sem var tekið til umræðu til að bæta skólastarfið.

### Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvenær/Hvernig	Viðmið um árangur
Námsmat	Að allir foreldrar fái upplýsingar um námslega stöðu barns í öllum fögum þrisvar yfir skólaárið	Tekinn fundur með öllum kennurum í haust og farið yfir og samræmt hvernig mati verði skilað til foreldra	Haust 2018	Skólastjóri	Skoðað í námsmati	Að allir foreldrar fái samræmdar upplýsingar um námslega stöðu nemenda
Skapa meiri tíma fyrir umræður um nemendur	Bæta nám, aga og hegðun nemenda	Hafa svigrúm í stundarskrá svo að allir í teymi nái saman. Nýta föstu teymisfundina til að leita lausna á ýmsum málum er varða nám, kennslu og hegðun nemenda sem falla undir viðkomandi teymi.	Skólaár 2017 - 2018	Skólastjóri	Starfsmannakönnun í vor 2018	Betri hegðun og samræmdar áherslur kennara
Bekkingarfundir	Að allir kennarar hafi þekkingu í að stýra bekkjarf.	Að allir kennarar fái námskeið í að halda bekkjarfundi	31. ágúst 2017	Skólastjóri	Starfsmannakönnun í vor 2018	Að allir bekkir verði með markvissa bekkjarfundi



## Lokaorð

Í Dalvíkurskóla er unnið metnaðafullt starf og fram kemur að nemendum og starfsfólki líður vel í skólanum. Það er greinilega mikil ánægja með kennara skólans samkvæmt könnun. Í könnun þar sem að foreldrar svara þá er það þeirra upplifun að nemendum líði vel í skólanum en samt erum við að glíma við töluvert einelti samkvæmt könnun og það er ekki samræmi á milli þess sem foreldrar svara og svo nemendur svara í Skólapulsinum. Bætt líðan nemenda, trú þeirra á eigin getu og tilfinning fyrir því að þeir geti haft áhrif á skólastarfið eru allt leiðir sem fara má til að ná því markmiði að bæta námsárangur. Kennarar þurfa að vera gagnrýnir á sín störf og vera alltaf tilbúnir að breyta og bæta til að ná betri árangri í skólastarfi. Í Dalvíkurskóla er jákvæður skólabragur sem nauðsynlegt er að hlúa að. Menntun nemenda er samstarfsverkefni þeirra sem hér starfa og er stefnt að því að hvers konar samvinna við foreldra verði vaxandi einkenni á skólastarfinu. Dalvíkurskóli hefur ekki verið að ná nægjanlegum árangri í samræmdum prófum undanfarin ár og er það ekki gott og er þróun sem við viljum snúa við og stefna að því að vera alltaf við landsmeðalatal eða yfir. Það þarf að breyta viðhorfi gagnvart þessum prófum í skólasamfélaginu. Skólinn mun stefna að aukinni þátttöku nemenda og foreldra í markmiðsetningu í námi en slík vinnubrögð stuðla að aukinni ábyrgð nemenda og bættum árangri. Læsi er einn af grunnþáttum menntunar og mikilvægt að ná góðri samvinnu við heimilin um að hlúa að lestrarfærni barna. Skólinn setur sér það markmið að með virkri aðstoð foreldra nái allir nemendur góðri lestrarfærni sem fyrst á skólagöngunni. Mikilvægt er að halda áfram þróun á innramati í skólanum og matsteymi skólans verði skipað öllum hagsmunaaðilum skólans. Velti fyrir mér hvort að hver skólastofnun verði með sínar spurningar í könnun en ekki svona sameiginlegar eins og hefur verið. Það sem ég vildi segja að lokum, þá eigum við að vera stolt af skólanum okkar en alltaf vera með þá hugsun að reyna að gera betur og bæta árangur. Þar sem er metnaðafullt skólastarf er alltaf vilji til að gera betur.

Gísli Bjarnason

Skólastjóri Dalvíkurskóla